



Borgarráð

Laugavegur 105, leiga fyrir skapandi verkefni

Óskað er eftir samþykki borgarráðs fyrir að auglýsa eftir samstarfsaðila til að reka og halda utan um rekstur í miðstöð fyrir skapandi greinar í aðstöðu sem Reykjavíkurborg er með á leigu að Laugaveg 105.

Leitað verði eftir aðila sem mun taka húsnæðið á leigu og sjá um framleigu og utanumhald í samvinnu við Reykjavíkurborg.

Greinargerð.

Reykjavíkurborg hefur verið með á leigu um 755 fermetra húsnæði frá Félagsbústöðum síðan árið 2013. Var hluti af húsnæðinu framleigt til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Eftir að Nýsköpunarmiðstöð var lögð niður hefur hluta húsnæðis verð nýtt fyrir skapandi greinar en hluti staðið ónotað.

Gert er ráð fyrir að húsnæðið verði áfram nýtt sem vinnu- og lærdómsaðstaða þar sem mismunandi skapandi greinar svo sem listgreinar, hönnun, forritun og önnur nýsköpun komi saman.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig

Fjármála- og áhættustýring